



Hjarðarhaga 54 • 107 Reykjavík

Símar 898 6658 og 862 2013

Netfang ornogorlygur@simnet.is

Kt. 571199-2549

Inga Lára Baldvinsdóttir, fagstjóri myndasafns,
Þjóðminjasafni Íslands,
Vesturvör 16 - 20,
200 Kópavogi.

✕ simnet.is

Reykjavík, 18. mars 2010.

Greinaragerð varðandi gjöf
Vísindafélagsins danska á
frummyndunum í Ferðabók
Eggerts Ólafssonar og
Bjarna Pálssonar til
Íslensku Þjóðarinnar 1975.

Kæra Inga Lára,

Í framhaldi af fyrirspurn minni varðandi frummyndir í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, sem nú eru geymdar hjá Þjóðminjasafni, leyfi ég mér að koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri ásamt þeirri ósk, að þær verði í vörslu safnsins og aðgengilegar öllum þeim, sem á einn eða annan hátt hyggjast fjalla um aðdraganda þess, að myndirnar voru gefnar Íslensku Þjóðinni.

Ástæða þessarar óskar minnar er sú, að sumarið 1999, frá 5. júní - 31. ágúst var efnt til sýningar í Þjóðarbókhöðunni á frummyndum úr Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar. Í tilefni sýningarinnar var gefið út kynningarritið

Sumarsýningin Undir bláum sólarsali

Eggert Ólafsson skáld og náttúrufræðingur 1726 - 1768

og það afhent sýningargestum. Mér var boðið á opnun sýningarinnar og fékk eintak af kynningarritinu. Ritið er vel úr garði gert enda stóðu að því 13 valinkunnir fræði- og sæmdarmenn svo sem fram kemur á titilsíðu þess.

Við lestur ritsins fékk ég upplýsingar, sem mér voru ekki kunnar áður, en þar stendur eftirfandi skýrum stöfum: Dr.Egill Snorrason, yfirlæknir við Rigshospitalet í Kaupmannahöfn og áhugamaður um söguleg efni íslensk, mun hafa átt drýgstan þátt í að koma því til leiðar að þær voru afhentar til Íslands“.

Af orðalaginu „mun hafa átt“ mætti ætla, að hlutaðeigandi hafi haft óljósar hugmyndir um, að einhverjir aðrir kynnu e.t.v. að hafa komið þarna að verki, en komist að þeirri niðurstöðu, að hafi það yfirleitt verið nokkuð, væri það svo veigalítið, að ekki væri ástæða til þess að fjölyrða um það. Það væri auðvitað fjarstæðukennt, að dr.Egill ætti alls engan þátt í málinu, hvað þá að ástæða væri til þess að farið yrði í nánari rannsókn í máli, sem var sjálfgefið hver niðurstaðan væri.

Mér komu þessar upplýsingar mjög á óvart, og fyrir tilviljun, að viðstöddu vitni, kom ég athugasemdum á framfæri við Halldór J. Jónsson, einn þeirra sem vann að sýningunni fyrir hönd Þjóðminjasafns. Ég sagði honum, að gjöfina hefði borið að með allt öðrum hætti heldur en segir í kynningarriti sýningarinnar. Halldór virtist koma af fjöllum, og þeim nokkuð háum. Ég bauðst til þess að taka saman greinargerð varðandi málið, sem ég teldi rétt að væri í vörslu safnsins. Hann þáði það og kvaðst mundi setja það með öðrum gögnum er málið varðaði. Nú hefur hins vegar komið í ljós, að einhverjum ástæðum er þessa greinargerð ekki að finna hjá Þjóðminjasafni. Úr því vil ég gjarnan bæta og leyfi mér að senda stofnuninni nauðsynlegar upplýsingar um málið á nýjan leik.

Mér finnst rétt að það komi fram, að þegar ég ræddi málið við Halldór og spurði hann hvernig á því stæði, að dr. Agli væri eignaður „drýgstur þáttur“ í því að Danir ákváðu að færa íslensku þjóðinni myndirnar að gjöf, svaraði hann því til, að hann hefði sett þetta eftir bestu vitneskju, sem hann hefði átt kost á. Ég sagði honum að gjöfin tengdist útgáfu fyrirtækis míns, Bókaútgáfunnar Örn og Örlýgur hf., á Ferðabók Eggerts og Bjarna þjóðhátíðarárið 1974. Við Steindór Steindórsson hefðum farið nokkrar ferðir til Kaupmannahafnar til þess að skoða frummyndirnar og fá þær léðar hingað heim vegna væntanlegrar útgáfu bókarinnar. Við hefðum notið vinsemdar og skilnings forráðamanna danska Vísindafélagsins, sem báru sýnilega mikla virðingu fyrir Steindóri, sem þýtt hafði ferðabókina og var þeim að góðu kunnur, og einnig notið ómælds stuðnings Sigurðar Bjarnasonar, sendiherra, sem var nánast heimamaður hjá félaginu, því sendiráðið var þá til húsa í byggingu þess í Kaupmannahöfn og hafði verið það til margra ára. Það hefði verið fyrir milligöngu Sigurðar að við fengum myndirnar léðar hingað heim.

Ég sagði Halldóri jafnframt, að við Steindór hefðum hitt Egil Snorrason þegar við unnum að útgáfu Ferðabókarinnar og átt með honum kvöldstund. Við vissum að dr. Egill hafði á sínum tíma rannsakað myndefni bókarinnar og höfðum lesið grein hans í *Árbók íslenska Fornleifafélagsins* 1972, en á því ári voru 200 ár liðin frá því Ferðabók Eggerts og Bjarna kom fyrst út í Danmörku. Í grein sinni virðist hann reikna með því að þeirra tímamóta yrði minnst opinberlega. Mér er ekki kunnugt um að hann hafi fylgt málinu eftir og tímamótanna mun ekki hafa verið minnst sérstaklega af opinberum aðilum. Steindór Steindórsson ritaði hins vegar ítarlega grein er hann nefndi „Tveggja

alda minning Ferðabókar Eggerts og Bjarna“ og hún birtist í tímaritinu *Heima er bezt* sem hann ritstýrði þá.

Í grein sinni nefnir dr.Egill ekki einu orði þá hugmynd, að frummyndirnar yrðu færðar íslensku þjóðinni að gjöf, og ekki nefndi hann það á framangreindum fundi okkar þriggja, enda er það tilfinning mín, að eignarhaldið á myndunum hafi verið algjört aukaatriði í hans augum og skipti litlu hvoru megin Atlantsála myndirnar væru geymdar. Danmörk og Ísland voru eitt hvað það snerti.

Jafnframt tjáði ég Halldóri, að Egill hefði komið okkur Steindóri þannig fyrir sjónir hvað dönsk og íslensk málefni snertir, að hann vissi tæpast í hvorn fótinn hann ætti að stíga. Hér væri enn um sömu ríkisheildina að ræða. Okkur fannst hann í vissum tilvikum danskari en margur Daninn. Ég sagði Halldóri einnig, að mér væri ekki kunnugt um, að Egill hefði átt nokkurn þátt í því, að Danir gáfu þjóðinni frummyndirnar. Sigurður sendiherra hlyti að hafa vitað ef svo hefði verið og þá sagt okkur Steindóri. Sigurður hefði svo sannarlega verið einfær um að reka það erindi. Forsvarsmenn Vísindafélagsins hlytu að hafa sagt Sigurði ef Egill hefði áður heimsótt þá þeirra erinda.

Í samtali okkar Halldórs lýsti ég furðu minni á því, að þeir sem stóðu að undirbúningi sýningarinnar í Þjóðarbókhöðunni 1999, hefðu ekki leitað eftir upplýsingum hjá mér varðandi málið. Það hefði þó ekki átt að vera miklum erfiðleikum háð. Það hefði tæpast átt að fara framhjá þeim þegar ég fékk myndirnar hingað heim og þær geymdar í Árnastofnun, né heldur útgáfa bókarinnar 1974.


Ég hefi veitt því athygli, að auk greinagerðarinnar, sem ég sendi Halldóri á sínum tíma, vantar í gagnsafn Þjóminjasafns afrit af bréfi sem Asger Lomholt, yfirsjálavörður Vísindafélagsins, skrifaði Kristjáni Eldjárn þann 26. nóvember 1974. Kristján sendi Asger Lomholt þakkarbréf nokkrum dögum síðar. Í bréfi Lomholts kemur aðdragandi málsins fram og ætti að vera öllum skiljanlegur, nema þeim, sem vilja sækja vatnið yfir lækinn.

Sá, eða þeir, sem unnu kynningarritið hljóta að hafa kynnt sér öll þau gögn, sem fyrirfundust hjá forsetaembættinu, og því átt að rekast á framangreint bréf. Viðkomandi hafa sýnilega ekki talið það skipta neinu máli, eða ekki talið það falla inn í þá mynd, sem þótti við hæfi og því ekki tekið af því afrit. Bréfið er þess eðlis, að hver sá sem les það af gaumgæfni ætti að sjá hvernig málið bar að.

Þær eru margar bækurnar, sem gefnar hafa verið út á Íslandi. Það myndi þó líklega í flestum tilfellum teljast til nokkurra tíðinda þegar æðstu menn merkar og aldagamallar, erlendrar vísindastofnunar finna hjá sér hvöt til þess að senda sjálfum forseta Íslands, og fyrrverandi þjóðminjaverði, hamingjuóskir í tilefni sérstakrar útgáfu. Ætla mátti, að fræðimaður og starfsmaður þeirrar sömu stofnunar, sem hefur það hlutverk að geyma þjóðararfinn, hefði tilfinningu fyrir svo sérstæðum, sögulegum staðreyndum og teldi rétt og skylt að koma þeim óbrengruðum til skila og talið feng að slíku bréfi. Á hitt ber auðvitað að líta, að afstaða manna til þess hvað telst til tíðinda og hvað ber að varðveita og hverja ber að viðurkenna er trúlega jafn misjöfn eins og mennirnir eru margir.

Ég læt þessum inngangi mínum lokið, en kemst ekki hjá því að viðurkenna, að það veldur mér og fleirum undrun, að það er helst að sjá, sem allt það mæta fræðafólk, sem að sýningunni og útgáfu kynningarritsins stóð, hafi ekki vitað, eða viljað vita, um heimflutning fyrirtækis míns á myndunum, og ekki hvarflað að því að kynna sér frá fyrstu hendi, hvernig málið bar að.

Kjarni málsins er þessi, séður frá mínum bæjardyrum: Frumhugmyndin að gjöfinni var mín. Sá sem kom þeirri hugmynd í kring var Sigurður Bjarnason, sendiherra. Forystumenn Vísindafélagsins danska voru svo hrifnir af því hvernig við stóðum að útgáfu Ferðabókarinnar, að þeir féllust á það, fyrir tilmæli Sigurðar, að myndirnar yrðu færðar íslensku þjóðinni að gjöf.

Viðingargjafillst,

Orkygur Halldanarson

Hjálagt:

- a) Ljósrit úr 8. hefti af *Heimaslóð*, sem út kom árið 2006 og tileinkað var Steindóri Steindórssyni. Í heftinu er erindi sem ég flutti um samskipti mín við Steindór um bókaútgáfu. Þar vík ég einmitt að frummyndum Eggerts og Bjarna og okkar þætti í því máli á bls. 55 - 59.
 - b) Afrit af Tveggja alda minningu Steindórs Steindórssonar um Ferðabók Eggerts og Bjarna.
 - c) Afrit af bréfi A. Lomholt frá 26. nóvember 1974.
 - d) Ljósmyndir: 1) Teknar þegar Þórður Einarsson, blaðafulltrúi Utanríkisráðuneytisins afhenti okkur Steindóri frummyndirnar, sem sendar voru hingað í stjórnarpósti.
2) Teknar þegar Jónas Kristjánsson forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar tók við frummyndunum til varðveislu
3) Viðeigandi myndatextar.
- Myndirnar voru sendar fjölmiðlum ásamt textunum.
- e) Fréttatilkynning sem fylgdi ljósmyndunum til fjölmiðlanna.
 - f) Ljósmynd tekin af okkur Steindóri Steindórssyni á útgáfudegi Ferðabókarinnar.

ES: Ég mun senda afrit af þessum tilskrifum og því sem þeim fylgir, til Héraðsskjalasafns Skagfirðinga, Sauðárkróki.